

Mál nr. 498/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu er hundur varð fyrir bifreið og drapst.

Gögn.

192. Málskot, móttakið 2.12.2011, ásamt fylgigögnum.

193. Bréf X, dags 16.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.8.2011 slapp hundur í eigu M út af heimili hennar í sveitarfélaginu S. M og dóttir hennar hófu þegar leit að hundinum en skömmu síðar kom í ljós að hann hafði orðið fyrir bifreið og drepist.

Vitni bar að það hafi séð hund er svaraði til lýsingar á hundi M fyrir framan heimili sitt. Hafi hundurinn farið út á götuna og staðið þar á miðri götunni er stóra jeppabifreið, A, hafi borið að eftir götunni. Hafi ökumaður A stöðvað bifreiðina í örskamma stund fyrir framan hundinn, en svo ekið kröftuglega af stað og ekið yfir hundinn.

Ökumaður A kvaðst ekki kannast við að hafa ekið yfir hundinn. Hann hafi hægt verulega á ferð sinni um götuna þar sem hann hafi verið að fylgjast með börnum á hjólum í baksýnispegli A.

M hefur krafist bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanna. Þó má lækka bætur eða fella niður fyrir tjón á munum ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Telja verður sannað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að hundurinn hafi orðið fyrir A. Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að hundahald er bannað í S. Sveitarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá banninu að tilteknum skilyrðum fullnægðum, þ. á m. að hundur skuli aldrei ganga laus á almannafæri. Hundurinn slapp út af heimili M og gekk laus um götur uns hann varð fyrir A. Verður að meta það M til gáleysis að hundurinn slapp úr vörslum hennar og verður atvikið rakið til þess. Eftir atvikum öllum þykir rétt, eins og hér stóð á, að fella niður bótarétt M vegna gáleysis hennar.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.